



Fundargerð fræðslunefndar

Mánudaginn 22. júní 2009, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í félagsheimilinu Fellsborg.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Vigdís Ómarsdóttir, Jóhannes Indriðason, Helga Björg Ingimarsdóttir, Erna B. Hreinsdóttir, Björn Hallbjörnsson, Sesselja Guðmundsdóttir, Þórunn Bernódusdóttir, Hildur Ingólfssdóttir, Guðjón Ólafsson og Magnús B. Jónsson.

Formaður fræðslunefndar, Birna Sveinsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Starfsmannahald grunnskóla.

Hildur skólastjóri fór yfir stöðu á ráðningu og starfsmannahaldi grunnskólans vegna næsta skólaárs. Fram kom að Helga Gunnarsdóttir grunnskólakennari hafi sagt upp störfum frá og með 1. ágúst n.k. og Reynehildur Karlsdóttir og Ingibjörg Vigdísardóttir hafi ekki sótt um áframhaldandi ráðningu. Hún lagði til að fræðslunefnd samþykkti ráðningu eftirtalinna starfsmanna:

• Agnes sævarsdóttir	leiðbeinandi	80%
• Bára Þorvaldsdóttir	leiðbeinandi	49%
• Guðrún Elsa Helgadóttir	leiðbeinandi	100%
• Bergþóra H. Guðjónsdóttir	leiðbeinandi	100%

Tillagan var samþykkt.

Fram kom að enn er eftir að ráða einn kennara í smíða og myndmenntakennslu ásamt nokkrum tímum í sérkennslu ca. 1 stöðugildi.

Skólastjóri lagði m.a. fram greinargerð um þörf fyrir aukningu á stöðugildi skólaliða um 70% starfshlutfall. Í greinargerðinni koma fram rök fyrir samanburði á að leysa ákveðna gæslu með stuðningsfulltrúa fremur en kennara og einnig gerð grein fyrir áætluðum kostnaði við ráðninguna. Áætlaður kostnaður við stuðningsfulltrúa er 1.340.000 kr í 9 mánuði.

Umræður urðu um greinargerðina og umsókn skólastjóra um starfshlutfallið.

Fræðslunefnd samþykkti að mæla með að heimild verði veitt til ráðningar í 70% starfshlutfall stuðningsfulltrúa.

2. Skóladagatal og kennslukvóti 2009 – 2010

Skólastjóri lagði fram og kynnti skóladagatal skólaársins 2009 – 2010 og samantekt um kennslukvóta skólaársins. Í samantektinni kemur fram að áætlaður nemendafjöldi á skólaárinu er 111 og gert er ráð fyrir að kennslutímafjöldi verði 330 og þar af verði 50 sérkennslutímar. Skólastjóri kynnti dagatal fyrir skólaárið. Umræður urðu um málið en fræðslunefnd samþykkti kennslukvótann og skóladagatalið fyrir sitt leyti.



3. Skólastefna Skagastrandar

Fyrir fundinum lágu drög að skólastefnu fyrir sveitarfélagið sem var til umfjöllunar á síðasta fundi og Guðjón Ólafsson fræðslustjóri hafði gert nokkrar breytingar á. Guðjón gerði að tillögu sinni að fræðslunefnd lesi fyrirbyggjandi drög að skólastefnu fyrir næstu helgi og komi athugasemdum eða ábendingum á framfæri við hann eða sveitarstjóra.

4. Starfsmannahald leikskólans

Þórunn leikskólastjóri gerði grein fyrir stöðugildum í leikskólanum og hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar. Samkvæmt barnafjölda og á hvaða tíma þau eru í dvöl vantar starfsmann í 35-40% starf seinnipart sumars þegar leikskólastarf hefst að loknum sumarleyfum.

Umræður urðu um dvalartíma, aldur barna og starfsmannahald.

5. Gjaldskrá leikskólans

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá skólans og samantekt um gjaldskrár leikskóla nokkurra sveitarfélaga. Samkvæmt tillögunni er gerð sú breyting frá gildandi gjaldskrá að veittur verði 35% afsláttur vegna 1. barns forgangshópa og 35% systkinaafsláttur vegna 2. barns. Í tillögunni er gert ráð fyrir að grunngjald verði óbreytt og vísitöluhækkun verði frestað 1. júlí. Formaður kynnti tillögu að gjaldskrá. Tillagan var samþykkt.

6. Önnur mál.

Umræður urðu um hvort hugsanlegt sé að breyta sumarleyfisopnun leikskólans og hafa sumarleyfi sveigjanlegra. Ekki varð niðurstaða úr umræðunni.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.45

Birna Sveinsdóttir,

Jóhannes Indriðason,

Erna B. Hreinsdóttir,

Sesselja Guðmundsdóttir,

Guðjón Ólafsson

Vigdís Ómarsdóttir,

Helga Björg Ingimarsdóttir,

Björn Hallbjörnsson,

Þórunn Bernódusdóttir, Hildur Ingólfssdóttir,

Magnús B. Jónsson